



Kynning Viðskiptaráðs 22. maí 2014 á niðurstöðum IMD um samkeppnishæfni Íslands

Um er að ræða aðra af tveimur megin könnunum um samkeppnishæfni en World Economic Forum gefur einnig út skýrslu um sama efni. [IMD](#) er unnið á vegum [Viðskiptaráðs](#) á Íslandi og [Verðbréfamarkaðar](#) Íslandsbanka.

Niðurstöðurnar byggja á að 2/3 hlutum á tölfræði þar sem stuðst er við heimildir víða að. En 1/3 hluti byggir á spurningaeyðublaði sem sent er til aðila í hverju landi (Executive Opinion Survey).

Viðfangsefnum í rannsókninni er skipt í fjóra flokka:

- Frammistaða hagkerfisins
- Skilvirkni hins opinbera
- Skilvirkni viðskiptalífsins
- Gæði innviða

Röð Íslands í Árangur í efnahagslífinu fer frá 51 árið 2010 í 35 árið 2014 sem má teljast vel að verki staðið. Góður árangur er einnig í skilvirkni opinberrar stjórnunar þar sem Ísland fer úr 48 sæti í 27 fyrir sömu ár. Skilvikni atvinnulífs er í kringum miðju allan tímann en innviðir fara úr 9 sæti í 13 sem er ekki mikill munur.

Þau vandamál sem landið stendur frammi fyrir skv. IMD skýrslunni eru:

- Gjaldeyriskmarkanir
- Að styðja við stöðuleika í efnahagslífinu til langs tíma
- Auðvelda aukningu á fjárfestingu innlendra og erlendra aðila
- Lækka opinberar skuldir
- Auka frjálsræði í viðskiptum

Ísland er að þessu sinni í 25 sæti yfir þau 60 ríki sem eru með í mælingunni. Röðin frá 2010 er:

- 2010 30
- 2011 31
- 2012 26
- 2013 29
- 2014 25

Gerð er grein fyrir 15 þáttum sem batna og öðrum 15 sem versna. Af þeim þáttum sem batna eru efnahagsmál ofarlega. Dæmi er að FDI flæði til útlanda er að batna en á meðan er FDI staðan að versna. FDI til Íslands er hinsvegar að versna bæði flæði og staða. VLF er að vaxa og ferðamannaíðnaður sömuleiðis. Halli á opinberum fjármálum er að lækka og breytileiki á hagkerfinu er að vaxa. Af þeim þáttum sem versna er að enn lækkar útflutningur á hátækni. Vaxtamálin eru ekki í góðum farvegi fyrir samkeppni.

Þeir þættir sem stjórnendur í könnuninni töldu mest jákvæða eru:

1. Færni starfsfólks
2. Áreiðanlegir innviðir
3. Há menntastaða
4. Skilvirk samskipti á atvinnumarkaði
5. Opin og jákvæð viðhorf
6. Kröftugt efnahagskerfi
7. Samkeppni um kostnað

Þetta kallast nokkuð á við niðurstöður úr NGER rannsókn sem Rannís tók þátt í og öðrum samanburði á milli landa, nema hvað að færni starfsfólks og há menntastaða kann að vera ofmetin hér. En þegar skoðað er landslag samkeppni kemur í ljós að jákvæðu þættirnir eru; félagsleg umgjörð, almennir innviðir og heilsa og umhverfi á meðan neikvæðu þættirnir eru m.a. efnahagslíf, umgjörð samfélagsins og fjármál.

Rannsóknir og nýsköpun eru ekki mjög áberandi meðal mælikvarða sem stuðst er við í skýrslunni en af þeim fjölda mælikvarða sem þar eru má segja að allmargir hafa áhrif á rannsóknir og nýsköpun. Hér eru nokkur dæmi um mælikvarða sem tengjast þekkingarsköpun og dreifingu:

Taflan skal lesin þannig að röðin gefur til kynna jákvætt eða neikvætt gildi gagnvart samkeppni

Sterkar hliðar		Veikar hliðar	
Viðfangsefni	Röðun	Viðfangsefni	Röðun
Atvinnuleysi	7	Seigla efnahagslífs	51
Útflutningur þjónustu í % og vöxtur	5/8	Gengi gjaldmiðla	57
Viðskiptakjör	1	Hlutfall starfsmanna í opinberi þjón	34
Atvinnuþátttaka í % og vöxtur	8/5	Verðbólga	48
Breyting á opinberum skuldum	3	Upphæð opinberra skulda	49
Lífeyrissjóðir	7	Fjárhæðir til að hvetja til viðskipta	58
Fjöldi daga að stofna fyrirtæki	8	Jákvæð áhrif Seðlab. á efnahagslíf	58
Öldrun ekki vandamál efnahagslega	9	Vinnutímar á ári	55
Jafnrétti	8	Stuðningur sem ekki rýrir samkeppni	46
Skilvirkni í landbúnaði á mann	3	Fyrirtæki í ríkiseigu	44
Laun stjórnenda	9	Venture capital	58
Hlutfall launa af launum stjórnanda	1	Samruni og yfirtak	57
Starfsfólk með færni aðgengilegt	7	Skuldir fyrirtækja	50
Sveigjanleiki starfsfólks, erfiðleika	9	Vegakerfi	60
Innviðir orkumála	1		
Aðgengi að orku í framtíðinni	1		
Orkunotkun	2		
Orkukostnaður	3		
Upplýsingatækni í atvinnulífi	7		
Upplýsingatækni kerfi	7		
Færni í upplýsingatækni	6		
Bandvidd	3		
RoP af VLF	13		
RoP á íbúa	14		
RoP fyrirtækja af VLF	16		
RoP starfsfólk af 1000 íbúum	4		
Nýsköpunargeta fyrirtækja	11		

Útgjöld til menntamála af VLF	1		
Hlutfall kennara og nemenda	3		
Hreyfanleiki námsmanna	2		
Læsi	1		
Tungumálakunnátta	7		

Þess má geta að nokkur fjöldi mælikvarða um árangur í efnahagslífinu er byggður á upphæðum í US\$ og er Íslands þar jafnan í 60 og síðasta sæti sem skýrist einungis með smæð hagkerfis. Sama á við þegar mæld eru alþjóðaviðskipti eða fjárfestingar í upphæðum þá nær Ísland aldrei góðri stöðu.

Einkennandi er fyrir atvinnulíf á Íslandi að þar eru nokkur mælikvarðar sem byggja á magni frekar en gæðum. Ljóst er að framleiðni á Íslandi er lág en búast má við að snúi Íslendingar sé að því að fá meiri verðmæti út úr framleiðslunni en að auka magn. Þetta er sjávarútvegur að gera með góðum árangri.

Þessi rannsókn byggir á að meta samkeppnisstöðu landa útfrá fjölda mælikvarða. Ekki er verið að mæla rannsóknir og nýsköpun en komið er inn á þá þætti sem innlegg í samkeppnisstöðu. Mælingin virðist vera nokkuð óhagstæð smærri hagkerfum þar sem fjöldi mælikvarða, sem síðan mynda röðun á hópi mælikvarða eru byggð á absolut tölum og þar er Íslandjafnan lægst í röð.

Ef skoðaðir eru mælikvarðar og hópar kemur fram að Ísland virðist vera að sækja í sig veðrið hvað varðar samkeppnisstöðu miðað við önnur lönd. Ísland er þó ekki meðal afburðar þjóða og má segja að það passi við ýmsa aðra mælikvarða sem settir eru fram svo sem OECD STI scoreboard, EIS og fleiri mælikvarða.

Þó virðast ekki allir mælikvarðar vera á pari við aðrar heimildir. T.d. eru mælikvarðar sem varða færni og menntun nokkuð hátt metnir hér. Það virðist þó ekki stemma vel við aðrar heimildir.

Neikvæðir þættir í rannsókninni, að slepptum árangri sem byggir á fjárhægðum eða mannfjölda, varða oftast stöðu efnahagslífis. Skuldir eru háar og aðgengi að fé er ekki metið hátt. Þá er skilvirkni atvinnulífs ekki talin hvetjandi. Gengi, verðbólga og skuldir eru áberandi meðal neikvæðra þátta.

Jákvæðir þættir varða atvinnuþátttöku og viðskipti og að dregið er úr skuldum. Félagslegir innviðir svo sem lífeyrissjóðir, jafnrétti og færni starfsfólki er jákvætt. Aðgengi að tækni og tæknilega menntuðu fólki er jákvætt og á sama við um öflun og notkun á orku. Innviðir upplýsingatækni virðast vera í góð lagi á Íslandi og rannsóknir og þróunarstarf virðist í þokkalegu lagi borið saman við önnur lönd.

Fundur um niðurstöður úttektar IMD um samkeppnishæfni Íslands

VÍB og Viðskiptaráð Íslands boða til fundar, fimmtudaginn 22. maí kl. 9-10.30, þar sem niðurstöður úttektar IMD um samkeppnishæfni Íslands í alþjóðlegum samanburði verða kynntar og ræddar.

Fundurinn fer fram í salnum Flóa á 1. hæð í Hörpu. Hægt verður að tísta á meðan fundinum stendur og er auðkenni fundarins #VIBsamkeppni.

Dagskrá:

Opnunarerindi: Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra

Niðurstaða úttektar IMD: Björn Brynjúlfur Björnsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs

Um samkeppnishæfni Íslands: Hrafn Árnason, forstöðumaður stýringar eigna hjá Íslandssjóðum

Pallborðsumræður verða um úttektina og samkeppnishæfni Íslands og þátttakendur eru:

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar

Katrín Olga Jóhannesdóttir, stjórnarformaður Já

Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

Sigríður Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabanka Íslands